

útlg
07. NOV 00
110001
Fylgiskjal 2
Flatatungu, 3. nóvember 2000
m

Vegagerð ríkisins
Borgartúni 8
550 Sauðárkróki


Efni: Þjóðvegur eitt um Norðurárdal.

Við undirritaðir leggjum til eftirfarandi:

Valið sé öruggt vegarstæði sem valdi sem minnstu raski á Norðurá og ræktuðu eða ræktanlegu landi. Að bæirnir Egilsá og Fremri-Kot fái ásættanlegt vegarsamband.

Til að ná framangreindum markmiðum leggjum við til að Norðurá verði brúuð nálægt þeirri brú sem nú er við Skeljungshöfða.¹ Þjóðvegur eitt liggja þar yfir og fram Norðaráreyrar Flatatungu- og Egilsármegin allt fram á móts við Gvendarnes, þá upp í Stekkjarhvam og eftir vegslóða sem fyrir er, fram Kvigugilseyri² og áfram neðan við eða neðst í Geldingsskriðu. Þetta má heita bein veglína og krefst lengst af ekki mikillar fyrirhleðslu. Áfram verði haldið Borgargerðismegin eins og hentugt þykir og um semst við landeigendur alla leið á núverandi veg í Heiðarsporði. Einbreið brú verði byggð á hentugum stað móts við Fremri-Kot, sá bær þannig tengdur. Gerðar verði varnir þar sem Norðurá ógnar lífríki, og haldið við þeim vörnum sem þegar eru komnar, m.a. í Silfrarstaðafjalli.

Virðingarfyllst,



Afrit:

Hreppsnefnd Akrahrepps
Jóhannes Jóhannsson, Silfrastöðum
Valdimar Gunnarsson, Fremri-Kotum

¹ Núverandi brú fellur ekki að fyrirhugaðri veglinu, er einbreið og skapar mjög mikla blindhæð.

² Kvigugilseyri er gróin grund sem Norðurá hefur ekki haggað a.m.k. í 95 ár. Heimildarm. Friðfinnur, fyrrverandi bóndi á Egilsá.